

Miðvikudaginn 4. nóvember 1964.

Nr. 122/1964. **Valdstjórnin**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Guðjóni Jakob Valtýssyni Mýrdal**

(Sigurður Ólason hrl.)

**Dómenður:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús P. Torfason.**

Svipting lögræðis. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Máli þessu, sem réttilega hefur verið rekið og höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt upphafsákvæði og 4. tölu-lið 2. gr. sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961, hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar eftir kröfu varnaraðilja með áfrýj-unarstefnu, dagsettri 3. júní 1964.

Samkvæmt sakavottorði, sem lagt hefur verið fram hér fyrir dómi, hefur varnaraðili verið sektaður þrisvar sinn-um fyrir ölvun eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Ber að staðfesta héraðsdóminn með þeirri breytingu, að málsvarnar-laun talsmanns varnaraðilja, Sigurðar Ólasonar hæstaréttar-lögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000.00, greið-ist úr ríkissjóði, sbr. 15. gr. laga nr. 95/1947.

Varnaraðilja verður dæmt að greiða allan áfrýjunarkostn-að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkis-sjóð, kr. 4.000.00, og laun skipaðs verjanda fyrir Hæsta-rétti, kr. 4.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óbreyttur að öðru leyti en því, að málsvarnarlaun Sigurðar Ólasonar hæsta-réttarlögmans, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Varnaraðili, Guðjón Jakob Valtýsson Mýrdal, greiði

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara um formhlið málsins.

Í bréfi til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 29. febrúar 1964, hefur Dómsmálaráðuneytið með skirskotun til 6. töluliðs 7. gr. laga nr. 95/1947 gert kröfu um, að Guðjón Jakob Valtýsson Mýrdal verði sviptur sjálfræði. Samkvæmt greindum lögum átti Dómsmálaráðuneytið sem yfirstjórnandi þeirra málefna, er að lögráðum lúta, að vera sóknaraðili máls þessa. Um rannsókn málsins og meðferð skyldi fara að hætti opinberra mála samkvæmt 4. tölulið og upphafsákvæði 2. gr. laga nr. 82/1961, en þar ræðir ekkert um sakaraðild. Það var því andstætt greindum lagareglum að höfða mál þetta af hálfu saksóknara ríkisins með útgáfu og birtingu opinbers ákæruskjals á hendur Guðjóni. Tel ég, að af þeim sökum beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 8. apríl 1964. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skirskotun til forsendna dómsatkvæðis meiri hluta dómenda er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1964.

Ár 1964, laugardaginn 11. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2369/1964: Ákærvaldið gegn Guðjóni Jakob Valtýssyni Mýrdal, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 13. f. m., gegn Guð-

jóni Jakob Valtýssyni Mýrdal hárskera, Silfurteigi 6, Reykjavík, fæddum 22. október 1910 á Húsavík, til sviptingar sjálfræðis vegna ofnautnar áfengis samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði kveðst kannast við, að hann hafi verið ofdrykkjumaður og að það megi vera, að sér sé það fyrir beztu að missa sjálfræði, þar sem hann þurfi á meðferð að halda sakir drykkjuhneigðar sinnar, en hann kveðst þó vera mótfallinn því, að hann verði sviptur sjálfræði. Þegar ákærði kom fyrir dóm við rannsókn málsins, hafði hann verið 12 daga í Kleppsspítala, en hann kvaðst þá hafa verið búinn að vera við drykkju rúman mánuð.

Ákærði hefur sætt á greiðslu sekta, sem hér greinir:

Árið 1935 .....	2	sinum
— 1940 .....	3	—
— 1941 .....	4	—
— 1942 .....	4	—
— 1943 .....	2	—
— 1944 .....	3	—
— 1945 .....	6	—
— 1946 .....	2	—
— 1947 .....	5	—
— 1948 .....	3	—
— 1952 .....	2	—
— 1953 .....	4	—
— 1954 .....	6	—
— 1955 .....	3	—
— 1956 .....	3	—
— 1957 .....	4	—
— 1958 .....	8	—
— 1959 .....	6	—
— 1960 .....	2	—
— 1961 .....	9	—
— 1962 .....	6	—
— 1963 .....	6	—

Samkvæmt vottorði Flókadeildar ríkisspítalanna hefur ákærði síðan á árinu 1955 verið vistaður 16 sinnum í hjúkrunarstöð Bláa bandsins, og er samanlagður dvalartími 482 dagar.

Af framangreindum gögnum er ljóst, að ákærði hefur um langt skeið verið ofdrykkjumaður, og hefur hann af þeim sökum þrífaldlega raskað opinberum hagsmunum. Verður að telja

hann óhæfan til að ráða högum sínum, og ber því að taka til greina dómkröfu ákærvaldsins í máli þessu að öllu leyti. Ákveða ber, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins (sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/1947 og 178. gr. laga nr. 82/1961). Til sakarkostnaðar telst þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 1250.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Jakob Valtýsson Mýrdal, skal vera sviptur sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 1250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 6. nóvember 1964.

Nr. 32/1964. **Jón Halldór Magnússon**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Önnu V. Sigurjónsdóttur og gagnsök**

(Tómas Árnason hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðarslys. Dánarbætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1964 og gert þær dómkröfur, að honum verði gert að greiða gagnáfrýjanda aðeins kr. 90.000.00 með 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags, að málskostnaður í héraði falli niður og gagnáfrýjandi greiði honum málskostnað hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 6. maí 1964, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða